

Nr. 21-084 S 054 Elli SF 71**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2538
Smíðaður: Bátasmiðja Guðm. 2002, trefjaplast.
Útgerð: Knappur ehf.
Stærð: 7,18 BT
Mesta lengd: 9,85 m Skráð lengd: 9,55 m
Breidd: 2,54 m Dýpt: 1,19 m
Vél: Yanmar 252 kW, 2020
Fjöldi skipverja: 1



Elli©Aflamark

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 4. ágúst 2021 var Elli SF 71 á strandveiðum sjö sjómílu utan við Stokksnes. Veður: ASA 3 m/s.

Á veiðum kom upp mikill reykur frá vélarúmi og báturinn varð vélarvana. Óskað var eftir aðstoð og dró björgunarskipið Ingibjörg bátinn til hafnar á Hornafirði.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Gírolúkælir sem var staðsettur ofan á gírnum fór að leka smurolíu.
- Gírolía dældist af gírnum og fór um allt vélahúsið og orsakaði mikinn reyk.
- Glúkælirinn var túpukælir, samsettur úr tveimur hlutum, sjókælíbúnti úr kopar og kápu úr áli fyrir olúkælingu þétt með O-hringjum, sjókælíbúntið gekk til í kápunni og O-hringirnir hættu að þétta.



Mynd 1 sýnir Twin Disc gírinn

- Gírnin var af gerðinni Twin Disc og olíukælirinn kom boltaður á gírnin frá söluaðila og hafði verið settur niður í bátinn nokkrum mánuðum áður.
- Engar merkingar voru á olíukælirnum.



Mynd 2 sýnir olíukælirinn

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.